



Borgarráð

Lýðræðishátíðin - Fundur fólksins

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag við Almannaheill um Fund fólksins sem haldinn verður í Reykjavík árlega næstu þrjú árin, næst í september 2020. Kostnaður vegna þátttöku í verkefninu eru 4,5 m.kr. fyrir árið 2020 og síðan 6 m.kr. hvert ár árin 2021 og 2022. Kostnaðurinn greiðist árið 2020 af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur en kostnaði vegna áranna 2021 og 2022 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Almannaheill mun í framhaldinu með samningi fela grasrótarsamtökunum Norræna félaginu, sem hefur frá upphafi verið einn af máttarstólpum Fundar fólksins og haft tengsl við svipaðar hátíðir á öðrum Norðurlöndum, að sjá um framkvæmd hátíðarinnar sem taki mið af reglum sóttvarnarlæknis um samkomutakmarkanir þegar hún er haldin.

Greinargerð:

Fundur fólksins hefur nú verið haldinn fimm ár í röð. Hann var fyrst haldinn í Norræna húsinu í júní 2015, að frumkvæði Eyglóar Harðardóttur ráðherra og stjórnenda Norræna hússins. Fyrirmyndin var sótt til hinna norrænu landanna, sem höfðu haldið svipaðar hátíðir í Almedalen, á Borgundarhólmi og í Arendalen um árbil. Nokkur félagasamtök komu strax að undirbúningi fundarins, þ.á.m. Almannaheill.

Árið 2017 flutti hátíðin norður yfir heiðar með samningi Almannaheilla við Menningarfélag Akureyrar. Þar hefur hátíðin verið haldin þrisvar sinnum, í Menningarhúsinu Hofi. Þar hefur margt tekist vel til og tæknileg uppsetning viðburða verið til fyrirmyndar; hins vegar hefur ekki náðst jafn mikil þátttaka félagasamtaka, stjórnmalafólks og almennings eins og t.d. 2016.

Af þessum og öðrum ástæðum vilja Almannaheill því endurskoða staðsetninguna og freista þess með nýjum aðilum og nýjum ráðum að gera hátíðina að enn sterkara tæki og vettvangi til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta heldur en hún hefur hingað til verið.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samkomulagi Almannaheilla og Reykjavíkurborgar um Lýðræðishátíðina - Fundur fólksins 2020-2022.
Verkefnislýsing fyrir fund fólksins 2020.
Fjárhagsáætlun fyrir fund fólksins 2020.

Samkomulag um Lýðræðishátíðina, fundi fólksins

1. gr.

Aðilar samkomulags

Reykjavíkurborg, kt. 5302697609, og Almannaheill, samtök þriðja geirans (hér eftir nefnd Almannaheill), kt. 520908-0640, gera með sér eftirfarandi samkomulag:

2. gr.

Tengiliðir.

Tengiliður Almannaheilla er Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Almannaheilla. Tengiliður Reykjavíkurborgar er Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

3. gr.

Meginmarkmið.

Meginmarkmið með samkomulagi þessu er að stuðningur við framkvæmd Lýðræðishátíðarinnar, funda fólksins, sbr. verkefnislýsingu í fylgiskjali I. Lýðræðishátíðin, fundir fólksins er grasrótahátíð sem haldin hefur verið á Íslandi síðan 2015; hún er í anda sambærilegra viðburða sem hafa fest sig í sessi á hinum Norðurlöndunum undanfarna áratugi.

4. gr.

Forsendur samkomulags.

Reykjavíkurborg greiðir Almannaheillum kr. 4.500.000 fyrir árið 2020 og síðan kr. 6.000.000 á árunum 2021 og 2022 með hliðsjón af kostnaðaráætlun verkefnisins, sbr. fylgiskjal II með samkomulagi þessu. Fjárhæðin greiðist í tvennu lagi 1. maí og 1. október ár hvert að undanskildu árinu 2020. Þá greiðist við undirritun samkomulagsins kr. 3.500.000, og kr. 1.000.000 sem greidd verður að viðburði loknum. Upphæðirnar verða greiddar inn á reikning Almannaheilla nr. 0336-26-062090.

5. gr.

Ábyrgð Almannaheilla.

Almannaheill ber ábyrgð á framkvæmd og umsýslu við það verkefni sem samkomulag þetta tekur til og sér til þess að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Framkvæmd hátíðarinnar taki mið af reglum sóttvarnarlæknis um samkomutakmarkanir þegar hún er haldin. Gerð er krafa um að lögð verði fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

Almannaheillum er óheimilt að:

- Afhenda, án skriflegs samþykkis Reykjavíkurborgar, réttindi sín og skyldur samkvæmt samkomulagi þessu, í hendur þriðja aðila.



- Framselja greiðslur skv. samkomulagi þessu, án skriflegs samþykkis Reykjavíkurborgar, til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um sanningsveð nr. 75/1997.

6. gr.

Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna.

Merki Reykjavíkurborgar skal vera sýnilegt á kynningarefni er varðar viðburðinn, eftir því sem unnt er. Fyrir lok október ár hvert skal skila Reykjavíkurborg greinargerð um framkvæmd Lýðræðishátíðarinnar, funda fólksins það ár og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun. Almannaheill skilar þeim upplýsingum sem kallað er eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. Einnig skal skilað öllum upplýsingum sem kallað er eftir vegna eftirlits með framkvæmd samkomulagsins. Reykjavíkurborg hefur heimild til að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samkomulagsins eða fela öðrum að gera slíkt.

7. gr.

Vanefndir og meðferð ágreiningsmála.

Almannaheill tilkynnir tafarlaust ef talinn er vafi á að takist að uppfylla skyldur samkvæmt samkomulaginu. Jafnframt skal greint frá úrræðum sem mögulega verði gripið til. Reykjavíkurborg er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur séu skyldur ekki uppfylltar samkvæmt samkomulagi þessu.

Samkomulag þetta lýtur íslenskum lögum. Rísi ágreiningur út af samkomulagi þessu, tilurð þess, efni eða öðrum atvikum því tengdu, skulu aðilar leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi í sameiningu. Takist aðilum ekki að leysa ágreining skal fara með málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr.

Gildistími samkomulags.

Samkomulag þetta gildir til frá undirritun til 31. desember 2022. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samkomulagsins eða samkomulagið í heild verði tekið til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Óski annar hvor aðila eftir að segja samkomulaginu upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

9. gr.

Undirritun.

Af samkomulagi þessu skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samkomulagsins. Eitt eintak skal vera í vörslu Reykjavíkurborgar og eitt eintak í vörslu Almannaheilla. Samkomulag þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta er votta um rétta dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila.

Reykjavík, 30. júní 2020

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Almannaheilla

Vottar að rétttri undirskrift:

Nafn og kt.

Nafn og kt.

Fylgiskjal I: Verkefnalýsing.
Fylgiskjal II: Fjárhagsáætlun.

Reykjavík 5. júní 2020

Fylgiskjal 1: Verkefnislýsing Lýðræðishátíðarinnar—funda fólksins

Almannaheill, samtök þriðja geirans, gerðu fyrst samkomulag við Reykjavíkurborg um stuðning við Fund fólksins árið 2016. Almannaheill hófu viðræður við embættismenn Reykjavíkurborgar og sendu erindi í desember s.l. til borgarinnar með ósk um samstarf við borgina um Lýðræðishátíðina—fundi fólksins á þessu ári. Fyrst var óskað eftir því að borgin tæki að sér framkvæmd verkefnisins, með stuðningi Norræna hússins og Almannaheilla. Í viðræðum aðila á undanförunum mánuðum hefur orðið ofan á að leggja til að gert verði samkomulag um fjárhagslegan stuðning. Almannaheill mun í framhaldinu með samningi fela grasrótarsamtökunum Norræna félaginu, sem hefur frá upphafi verið einn af máttarstólpum Fundar fólksins og haft tengsl við svipaðar hátíðir á öðrum Norðurlöndum, að sjá um framkvæmd hátíðarinnar. Fjárhagslegum stuðningi ríkis, borgar og Norræna verði varið til framkvæmdarinnar. Ósk Almannaheilla er um að stuðningssamningur samtakanna og Reykjavíkurborgar verði gerður til þriggja ára. Hátíðin verði næst haldin í byrjun september 2020.

Fimm ára hátíð

Fundur fólksins hefur nú verið haldinn fimm ár í röð. Hann var fyrst haldinn í Norræna húsinu í júní 2015, að frumkvæði Eyglóar Harðardóttur ráðherra og stjórnenda Norræna hússins. Fyrirmyndin var sótt til hinna norrænu landanna, sem höfðu haldið svipaðar hátíðir í Almendalen, á Borgundarhólmi og í Arendalen um árabil. Nokkur félagasamtök komu strax að undirbúningi fundarins, þ.á.m. Almannaheill. Ári síðar fóru forkólfar fyrstu hátíðarinnar fram á að Almannaheill tækju hátíðina að sér. Það gerðu samtökin með fjárhagslegum styrk frá velferðarráðuneytinu og frá Reykjavíkurborg--borgin lagði fram 2 milljóna kr. styrk. Norræna húsið var eftir sem áður helsti stuðningsaðilinn á vettvangi, lagði til aðstoðu og margs konar aðstoð starfsmanna.

Árið 2017 flutti hátíðin norður yfir heiðar með samningi Almannaheilla við Menningarélag Akureyrar. Þar hefur hátíðin verið haldin þrisvar sinnum, í Menningarhúsinu Hofi. Þar hefur margt tekist vel til og tæknileg uppsetning viðburða verið til fyrirmyndar; hins vegar hefur ekki náðst jafn mikil þátttaka félagasamtaka, stjórnmalafólks og almennings eins og t.d. 2016.

Af þessum og öðrum ástæðum vilja Almannaheill því endurskoða staðsetninguna og freista þess með nýjum aðilum og nýjum ráðum að gera hátíðina að enn sterkara tæki og vettvangi til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta heldur en hún hefur hingað til verið.

Útlínur næstu hátíðar

Hugmynd Almannaheilla er sú að halda hátíðina að þessu sinni í Vatnsmýrinni í Reykjavík og nágrenni. Dagskrátriði fari fram í Norræna húsinu og nærliggjandi byggingum. Stjórnendur Norræna hússins hafa boðið fram aðstöðu og ráðgjöf. Atriðin verði með fjölbreyttu sniði, allt frá hefðbundnum fundum og málþingum til listtengdra viðburða. Leitað verði eftir samstarfi við aðila úr mörgum áttum, svo sem til félagasamtaka, stjórnmalaflokka, verkalyðshreyfingarinnar, grasrótarhreyfinga, atvinnulífsins, annarra sveitarfélaga og ríkisins og stofnana þess. Dagskráin standi frá miðjum föstudegi 4. september til síðdegis 5. september. Lögð verði áhersla á þátttöku almennings.

Undirbúningshópur Almannaheilla leggur til að lögð verði **sérstök áhersla á aðild ungs fólks að hátíðinni, þátttöku þess í dagskrárliðum og mótun dagskrárinnar**. Ungt fólk hefur að undanfögnu látið sífellt meira að sér kveða í lýðræðislegri umræðu, t.a.m. um loftslagsmál. Mikilvægt er að ungt fólk verði virkt í umræðu um aðkallandi málefni sem koma til með að móta framtíð þess. Flest félagasamtök hafa ungt fólk í sínum röðum; misjafnt er að vísu hversu mikið það lætur til sín taka eða hversu verðug verkefni það fær til að glíma við. Ungt fólk tekur sömuleiðis þátt í starfi stjórnmalasamtaka og flokka og hjá Reykjavíkurborg eru starfandi ungmennaráð. Að mati hópsins færi vel á því að ungt fólk setti sterkan svip á lýðræðishátíðina og kæmi þar á framfæri helstu hugðarefnum sínum.

Framkvæmd verkefnisins

Eins og áður hefur komið fram mun Norræna félagið taka að sér umsjón með framkvæmd hátíðarinnar. Lýðræðishátíð eins og hér hefur verið lýst byggir á mörgum framkvæmdaþáttum. Almannaheill hefur skilgreint eftirfarandi framkvæmdaþætti fyrir Lýðræðishátíðina--fundi fólksins:

- Sjá um daglega verkefnisstjórn
- Gera verkáætlun
- Gera kynningaráætlun
- Hvetja félagasamtök, stofnanir og stjórnmalafólk til að taka þátt í hátíðinni
- Raða viðburðum niður í sali og móta dagskrá í samráði við þátttakendur
- Afla nauðsynlegs tæknibúnar og annars aðbúnaðar
- Skipuleggja skemmtiatriði
- Gera fjárhagsáætlun og bera ábyrgð á fjármálum
- Afla styrkja og auglýsingatekna
- Stýra verkum starfsmanna og sjálfboðaliða á hátíðinni sjálfri

- Vera andlit hátíðarinnar út á við, kynna hana í fjölmiðla og svara fyrirspurnum áhugasamra um hátíðina
- Gera lokaskýrslu og uppfæra handbók

Tenging við áherslur borgaryfirvalda

Almannaveill telur að Fundur fólksins rími mjög vel við margvíslega stefnumörkun borgarinnar og að mikil tækifæri felist í því að móta dagskrána og áherslur hátíðarinnar í því skyni að hún nái fram sem flestum markmiðum í einu.

Reykjavíkurborg er til að mynda með metnaðarfulla aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum sem gengur bæði út á að efla lýðræðisvitund og þátttöku borgarbúa almennt sem og að fræða borgarbúa um réttindi og stöðu margvíslegra hópa á borð við innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk, aldraða og ungt fólk.

Einnig má vísa í menningarstefnu borgarinnar sem ber yfirskriftina „Menning er mannréttindi“ þar sem áhersla er lögð á menningarlegt forystuhlutverk borgarinnar og að menningarlífið einkennist af „metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta“. Jafnframt segir þar að:

„Menning, listir og saga geta ýtt undir samkennd og jákvæða forvitni um líf og menningu annarra. Áríðandi er að hafa augun opin fyrir tækifærum af þessum toga og nýta þau í þágu samfélags sem byggir á gagnkvæmum skilningi, virðingu og jafnrétti. Eitt af lykilatriðum í þessu sambandi er samvinna, þ.e. að fólk sem tilheyrir mismunandi menningarheimum, listgreinum og kynslóðum fái hvatningu til að koma saman, miðla af reynslu sinni og veita innsýn í líf hvers annars.“

Lýðræðishátíð sem fagnar fjölbreytileika mannlífsins og veitir ólíkum hópum rödd er kjörinn vettvangur til þess að lyfta upp öllum þessum áherslum.

Lokaorð

Lýðræðishátíðin—fundir fólksins er vettvangur málefnalegrar umræðu fjölda fólks. Hún er leið einstaklinga, félagasamtaka og stjórnmalafólks til að viðra hugmyndir og vekja athygli á hugðarefnum sínum; hún á að opna fyrir samtal aðila sem hafa ekki mörg önnur tækifæri náninna skoðanaskipta.

Aðkoma Reykjavíkurborgar passaði vel við áherslur borgaryfirvalda, sérstaklega hvað varðar mannréttinda- og lýðræðismál.



almannaheill
samtök þriðja geirans

Virðingarfyllst,

f.h. Almannáheilla, samtaka þriðja geirans,

Jónas Guðmundsson formaður

Fundur fólksins 2020

Samningur milli aðila			2020	
Almannaheill	Velferðarráðuneytið	fjárstyrkur	Júní	
Almannaheill	Reykjavíkurborg	fjárstyrkur	Júní	
Almannaheill	Norræna húsið	Aðstaða 2020	febrúar	
Almannaheill	Norræna félagið	Samningur um framkvæmd	Febrúar	<i>Fjárhagsætlun gerð</i>
Verkefni				
Norræna félagið	Ráða verkefnastjóra	Nf-Kristín Ólafsdóttir	Júní	
Norræna félagið	Ráða starfsmann	Nf-Pála Hallgrímsdóttir	Júní	
Norræna félagið	Heyra í MAK	vfn	Júní	
Norræna félagið	Bréf til þátttakanda	vfn	Júní	<i>Vantar staðfestingu frá Rvk</i>
Norræna félagið	Kaupa lén	vfn	Júní	<i>fundurfolksins.is isnic - NF</i>
Norræna félagið	Panta tækniþjónustu	vfn	Júní og ágúst	
Norræna félagið	Hafa samband við hagaðila*	vfn	Júní, júlí og ágúst	
Norræna félagið	Gera kynningaráætlun	vfn	Júní – júlí	<i>þarf að vera í sífellri endurskoðun</i>
Norræna félagið	Afla styrkja og auglýsingatekna	vfn	Júlí -sept	
Norræna félagið	Heimasíðugerð	Keypt þjónusta	Júní – júlí	
Norræna félagið	Hönnun á kynningarefni	Keypt þjónusta	Júní – júlí	
Norræna félagið	Hönnun á vörumerki	Keypt þjónusta	Júní – júlí	<i>Gæti þurft að geyma þetta</i>
Norræna félagið	Auglýsingar á samfélagsm.	Keypt þjónusta	Ágúst - sept	
Norræna félagið	Kalla eftir efni þátttakanda	Vfn	Ágúst-sept	
Norræna félagið	Raða viðburðum á tíma/sal	Vfn	Ágúst-sept	
Norræna félagið	Skipuleggja skemmtiatriði	Vfn	Ágúst-sept	
Norræna félagið	Stýra verkum starfsm. + sjálfb.l	Vfn	Ágúst-sept	
Norræna félagið	Kynningarstarf fyrir hátíðina	Keypt þjónusta + Kristín Ólafs	Lok ágúst-sept	
Norræna félagið	Gerð lokaskýrslu og frágangur	Vfn + Almannaheill	sept	

Verkefnastjórn Norræna félagsins (VNF): Kristín Ólafsdóttir, Pála Hallgrímsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir sér um daglega verkefnastjórnun. Fjárhagsáætlun var gerð í mars og unnið samkvæmt henni.

<p>Hagaðilar Sveitarfélög Menningarstofnanir Sjóðir Einkafyrirtæki Stjórnmalaflokkar Félagasamtök/Sjálfbóðaliðar Framleiðslufyrirtæki Almannatengslafyrirtæki Markaðsstofur Framkvæmdaaðilar Fjölmiðlar Stofnanir atvinnulífsins</p>	<p>Aðalstarf (key activities) Framleiðsla Skipulagning (infrastructure) Samhæfing dagskrár Samskipti Sjálfbóðaliðar/félagasamtök Fjármögnun Kostun/samstarf</p> <hr/> <p>Key Resources Aðstaða/staðsetning Vörumerki og viðskiptavild Identity Platform Cometences Network and partners</p>	<p>Virði (value propositions) Óhefðbundinn vettvangur fyrir fundi og samræður milli borgara og stjórnmalamanna og annarra lykilstarfsmanna samfélagsins. Vettvangur til að eiga samtál um stjórnmal og önnur samfélagslega mikilvæg málefni.</p> <p>Þjónusta/Services 2 daga hátíð með 50 (200+_) skráðum viðburðum Pakkar fyrir kostendur Pakkar fyrir samstarfsaðila Gisting ? (á ekki við) Vettvangur skoðanaskipta</p>	<p>Viðskiptatengsl (CRelation) Tryggð Hversu þekkt er hátíðin og brandið</p> <hr/> <p>Channels Hátíðin sjálf með öllum viðburðunum SoMe Channels? Heimasíða Fjölmiðlar Uppákomur allt árið Sendiherrar hátíðarinnar</p>	<p>Customer segments Forgangur (Primary) Samstarfsaðilar (partners) Skipuleggjendur</p> <p>Secondary Almenningur Stjórnmalamenn Forsvarsmenn NGO Embættismenn Aktivistar Fagmenn</p>
<p>Kostnaður: Starfssemi allt árið Viðburðarteymi Infrastrúktúr og framleiðsla Samskipti</p>		<p>Tekjur: Opinberir styrkir Kostun/samstarf Vörusala Matur og drykkur Infrastrúktur</p>		

Lýðræðishátíðin--fundir fólksins, september 2020

Skýringar

Tekjur

Styrkur frá Velferðarráðuneytinu	2.000.000	
Styrkur frá Reykjavíkurborg	6.000.000	*
Skráningargjald	500.000	Gert ráð fyrir 50 þátttakendur og skráningargjaldi 10.000
Framlag Norræna félagsins	1.500.000	Í formi aðstöðu og yfirumsjónar
Framlag Norræna hússins	1.500.000	Í formi aðstöðu
Heildartekjur	11.500.000	

Gjöld

Laun

Um er að ræða "gigg" í 4 mánuði

Verkefnastjóri	3.400.000	4 mánuðir 2020. 2021 er hægt að vera með 50% starfsmann í 12 mán
Aðstoðarmaður	900.000	3 mánuðir til aðstoðar
Aukafólk	400.000	Dagana fyrir og á Fundi fólksins - geta verið sjálfboðaliðar félagasamtaka.
Markaðsstjóri	1.000.000	Mjög mikilvægt að þetta sé öflugur aðili sem er með alla þræði
	5.700.000	

Kynningarmál

Uppfærsla heimasíða	300.000
Hönnunarkostnaður auglýsinga	300.000
Ljósmyndari	100.000
Kynningarefni	500.000
Birtingakostnaður	1.000.000
	2.200.000

Aðstaða Norræna féluginu

Starfsstöð starfsfólks	1.440.000	Norræna félagið leggur til vinnuaðstöðu og tölvur
Tölvu- og símakostnaður.	240.000	Leyfiskostnaður og sími

Annað	120.000 Fundaraðstaða, kaffikostnaður og fleira
	1.800.000
Aðstaða Norræna húsinu	
Leiga á húsinu í 2 sólarhringa	1.200.000 Norræna húsið leggur til allt húsið og Sali
Tæknaðstoð	500.000 Tæknimenn og aðkeypt þjónusta
Streymi	100.000 Streymum báða dagana frá viðburði í aðalsal
	1.800.000
Heildargjöld	11.500.000

* Gert er ráð fyrir 4.500.000 framlagi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. Ástæða þessa er Covid 19 og samkomutakmarkanir. Auk þess mun ekki nást að tryggja þátttöku grunnskóla í fundunum vegna 2020 vegna þrengri tímaramma vegna Covid 19.